

YFIRLÝSING FRÁ FORMANNI VR

Að vel ígrunduðu máli hef ég tekið þá ákvörðun að sækjast eftir endurkjöri sem formaður VR. Ég hef fundið fyrir miklum stuðningi frá félagsmönnum, trúnaðarráðsmönnum, stjórnarmönnum og starfsmönnum félagsins. Þeim vil ég ekki bregðast og hef því tekið áskorun þeirra um að sækjast eftir endurkjöri sem formaður félagsins. Með þessum hætti legg ég jafnframt störf mín í dóm félagsmanna en það er í þeirra umboði sem ég hef starfað síðastliðin tvö ár. Að vera í forsvari fyrir VR er yfirgripsmikið og vandasamt verkefni sem ég er að ná tökum á við erfiðar aðstæður í félaginu og samfélaginu öllu. Það er reynsla sem enginn annarra frambjóðenda til formanns býr yfir.

Það dylst engum að róstudamt hefur verið innan stjórnarinnar, - enda er stígur samstöðunnar vandrataður þegar takast á annars vegar þeir sem telja sig eiga félagið og litlu sem engu vilja breyta og svo þeir sem telja að uppbyggingu eigi að hefja með niðurrifi. Ég bauð mig fram sem fulltrúi hins almenna hófsama félagsmanns sem vildi hófsamar breytingar á félaginu án tenginga við stjórnarálflokka. Ég var félagsmaður sem vildi auka vægi félagsins sem stéttarfélags og virkja félagsmenn í starfi þess. Þessum sjónarmiðum hef ég verið trúur og að þeim vil ég starfa áfram.

Fyrsta skref mitt sem formaður var að lækka laun formanns og setja á þau þak þannig að setur í stjórn og nefndum í krafti embættisins rynnu til félagsins en ekki í vasa formanns. Þá tengdi ég launahækkanir formanns við kjarasamninga VR. Ég hef starfað samkvæmt þeirri sannfæringu minni að virk þátttaka félagsmanna sé sá hornsteinn sem starf félagsins á að byggja á. Eins og vís maður sagði – „lýðræði má einungis bæta með meira lýðræði“. Sem formaður hef ég haft forgöngu um að haldnir væru sérstakir fundir þar sem félagsmönnum gæfist kostur á að koma beint að stefnumótun fyrir félagið og að kröfugerð þess í yfirstandandi viðræðum við atvinnurekendur. Þessi vinna hefur verið frjó og gefandi fyrir alla og aldrei hafa jafn margir komið beint að stefnumótun og kröfugerð félagsins. Þetta opna lýðræðislega samstarf vil ég þróa og efla.

Markmið allra þeirra breytinga sem ég hef barist fyrir sem formaður miða að því að VR hafi samfélagsleg áhrif og taki samfélagslega ábyrgð. Það er mín skoðun að til þess að ná því markmiði þurfi formaður VR að hafa skýrt umboð félagsmanna og samhenta stjórn með sér til þeirra verka. Takist það þá kvíði ég ekki framtíðinni og þá þurfa félagsmenn, sem hafa líklega aldrei þurft eins mikið á okkur að halda eins og nú, einskis að kvíða. Því vil ég að lokum hvetja alla félagsmenn til að kynna sér málefni og frambjóðendur félagsins fyrir komandi kosningar og nýta kosningaréttinn.

--

Bestu kveðjur,
Kristinn Örn Jóhannesson
formaður VR.